

FRUMRANNSÓKN MENNINGARMINJA Í ARNARBÆLI VIÐ SELFLJÓT



ÞÓRA PÉTURSDÓTTIR
ÁSAMT MAGNÚSI Á. SIGURGEIRSSYNI



FS463-10091

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES.

REYKJAVÍK, 2011

MYND Á FORSÍÐU: Horft að Klúku frá Arnarbæli (Þóra Pétursdóttir, 2010)

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
MARKMIÐ OG AÐFERÐIR	5
STAÐHÆTTIR OG FYRRI RANNSÓKNIR	5
ARNARBÆLI – UMMERKI UM VERSLUN?	9
RANNSÓKNIR HAUSTIÐ 2010	10
SKURÐUR 1 Í GARÐLAG (ARB10-1).....	11
SKURÐUR 2 Í RÚSTAHÓL (ARB10-2)	13
LOKAORD	15
HEIMILDIR	16
VIÐAUKI: GJÓSKULAGAGREINING	18

INNGANGUR

Í lok september 2010 fór fram fornleifarannsókn á minjum í Arnarbæli í landi Klúku í Hjaltastaðaþinghá. Markmiðið var fyrst og fremst að kanna ástand minjanna og greina aldur þeirra auk þess að leita upplýsinga um eðli þeirra og hlutverk. Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknanna og þær settar í samhengi við það sem áður er ritað og rannsakað um staðinn og umhverfi hans.

Markmið og aðferðir

Tilgangur rannsóknanna haustið 2010 var fyrst og fremst að varpa ljósi á aldur mannvirkja og á það hvenær mannvist af einhverju tagi hófst á staðnum sem og hvenær henni lauk. Í þeim tilgangi voru grafnir 2 prufuskurðir, og þeir auðkenndir með tölustöfunum 1 og 2 (ARB10 1 og 2). Annar skurðanna, ARB10 – 1, var grafinn í garðlag sem umlykur rústasvæðið. Þar var grafið niður á garðlagið og niður á óhreifðan jarðveg beggja vegna þess. Síðari skurðurinn, ARB10 – 2, var grafinn í mannvirki á rústahól. Ekki var grafið niður á óhreifðan jarðveg í þeim skurði, en mannvistarlög reyndust þar vera mjög þykk. Í báðum skurðum var grafið þannig að skilgreindum jarðlögum var fylgt (og þau teiknuð í láréttu plani) niður á mannvirkin og þau teiknuð í plani. Snið voru í báðum tilvikum teiknuð að uppgrefti loknum.


Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur kom á vettvang að uppgrefti loknum, skoðaði snið og tók sýni vegna gjóskurannsókna til aldursgreiningar. Greinargerð hans er meðfylgjandi aftast í skýrslunni.

Að rannsókninni komu auk skýrsluhöfundar og Magnúsar Á Sigurgeirssonar, Howell M. Roberts og Lísabet Guðmundsdóttir.

STAÐHÆTTIR OG FYRRI RANNSÓKNIR

Yst í Útmannasveit, við Héraðsflóann austan- eða sunnanverðan, er eyðijörðin Klúka. Bærinn stendur um 150 m norðan við árbakka Selfljóts sem liðast um sveitina til sjávar

við landnámsjörðina Unaós yst og austast við flóann. Suðaustan við Klúku rennur áin í bugðum, fyrst til suðurs en svo norðurs og myndar þar allstórt nes. Á nesi þessu eru fornar rústir sem kallaðar hafa verið Arnarbæli. Um er að ræða bæði umfangsmiklar tóftir og kerfi garðлага sem dreifast á svæði sem er um 250x120 m að stærð. Minjarnar eru mjög greinilegar en engu að síður fornlegar að sjá, enda hleðslur signar og kafgrónar lyngi og víði.



Mynd 1: Rústir í Arnarbæli og staðsetning prufuskurða. (Heimild: Birna Gunnarsdóttir ofl. 1998, 160-161)

Rústir í Arnarbæli voru skráðar í fornleifaskráningu svæðisins 1998, en í skráningarskýrslu segir eftirfarandi:

Tóftirnar liggja á breiðu nesi V Selfljóts. Garður hefur lokað [mannvirkin] algerlega af og liggur hann á um 230 m kafla. 2 eða 3

smáhólf eru áföst við garðinn að utan. Aðal tóftirnar liggja svo um 100 m austan garðsins. Á upphækkuðum 20x50 m hóli eru 9-10 smáhólf greinileg. Garðar liggja frá hólnum bæði til norðurs og suðurs. Syðsti garðurinn liggur að Selfljóti og eru 3 nokkuð stór hólf áföst honum. Tóttir liggja svo á aflöngum hrygg suður að Selfljótinu. Allar tóftirnar, bæði á hólnum og sunnan hans eru upphækkaðar sem virðist benda til undirbyggingar. Önnur garðbrot og tóttir eru einnig greinanlegar en eru mun ógreinilegri. Tóftirnar eru mjög þýfðar, enda í myrlendi (Birna Gunnarsdóttir ofl. 1998, 160-161).

Við fornleifaskráningu voru minjarnar í Arnarbæli enn fremur metnar „í mikilli hættu vegna vatnsaga“, en eins og áður segir eru minjarnar staðsettar á nesi við Selfljótið sem hefur í gegnum tíðina gengið nærrí bökkum sínum og því talin hætta á að minjunum stafaði af því ógn.

Um hlutverk minja í Arnarbæli er fátt vitað en sú sögn hefur lengi lifað að þar hafi verið verslunarstaður fyrr á öldum. Hvort sannleikskorn búi í þeirri tilgátu verður með engu móti stutt né hrakið með yfirborðskönnun eða takmarkaðri rannsókn sem þeirri sem nú hefur verið framkvæmd, þótt vissulega gefi hún traustari grundvöll til hugleiðinga.

Arnarbæli er í dag um 7 km frá sjó, á bökkum Selfljóts sem er þónokkuð mikið vatnsfall. Þar sem fljótið rennur til sjávar, við landnámsjörðina Unaós, hefur verið höfn í seinni tíð, og um skamma hríð verslun. Þar hefur lending hins vegar gjörspillst af sandi og er Héraðsflóinn því hafnlaus strönd. Hafnarleysið og fjarlægðin í kaupstað hafa því verið þeir afarkostir sem Héraðsbúar bjuggu við allt fram á síðustu öld þegar akvegir tengdu þá við nærliggjandi þéttbýli. Næstu kaupstaðir voru í Berufirði, í Reyðarfirði og í Vopnafirði, og síðar Seyðisfirði, en í öllum tilvikum var um langan veg og erfiðan að fara. Verslun í Arnarbæli hefði því með tilliti til þessa getað verið eftirsóknarverður kostur.

Þótt þessar séu þær aðstæður sem blasa við í nútímanum eru fjölmargar vísbendingar þess að þær hafi breyst umtalsvert á sögulegum tíma. Af landslagi í Útmannasveit má meðal annars lesa langa sögu meginfallvatnanna þriggja, Jöklu, Lagarfljóts og Selfljóts og það hversu mjög breytilegir farvegir þeirra hafa verið í gegnum tíðina. Víða má sjá uppgróna farvegi, drög og kíla, þar sem vötnin hafa brotið sér leið

eftir sléttunni til sjávar. Einn þeirra er þó mestur og greinilegastur og er hann nefndur Jökullækur. Hann liðast eftir krókum og bugðum frá svonefndum Aurkjafti við Lagarfljót suðaustur í Selfljót skammt vestan Klúku. Af þessu hefur því verið talið að a.m.k. hluti Lagarfljóts og Jökulsár hafi runnið í Selfljót fyrr á tínum. Hvernig farvegum fallvatnanna var háttáð þegar land byggðist er ekki hægt að fullyrða en margt, þ.á.m. örnefni og málvenjur á svæðinu, bendir þó til þess að aðstæður við Arnarbæli hafi verið allt aðrar þá en í dag (sjá t.d. Helgi Hallgrímsson 2005, 87-88; Sævar Sigbjarnarson 2002).

Björn J. Björnsson (2001) jarðfræðingur hefur athugað gjóskulög í jarðvegi meðfram fallvötnunum á Héraðssandi og Eyjum og með því móti tekist að aldursákvarða uppþornaða farvegi þeirra. Rannsóknir hans sýna að eftir landnám hefur farvegur Jöklu færst til vesturs í nokkrum áföngum og enn fremur að farvegir úr Jöklu og Lagarfljóti yfir í Selfljót, m.a. eftir Jökullæk, hafa verið virkir á fyrstu öldum Íslandsbyggðar en verið orðnir þurrir fyrir 1262 (Björn J. Björnsson 2001).

Sumrin 2005 og 2006 vann hópur jarðfræðinga að jarðvegs- og setlagarannsóknum á svæðinu sem nú er horfið undir Háslón við Kárahnjúka (Guðrún Larsen ofl. 2007). Niðurstöður þeirra rannsókna hafa varpað enn skýrara ljósi á sögu vatnsfallanna á Héraðssandi og styðja enn fremur fyrri niðurstöður Björns J. Björnssonar um breytingar á farvegum þeirra eftir landnám. Samkvæmt rannsóknum jarðfræðinganna er aldur setlagahjalla og efsta hluta gljúfranna (þ.e. Dimmugljúfra) mun lægri en áður hefur verið talið. Dimmugljúfur, í núverandi mynd, voru ekki til við landnám heldur flæmdist Jöklu þá á breiðum aurum sunnan Fremri Kárahnjúks. Það er ekki fyrr en nokkru eftir landnám, eða á 12. öld, að Jöklu fer að grafa sig að ráði niður í setlögin og mynda gljúfrin – en um leið eykst framburður hennar neðar á Jökuldal og við ósana í Héraðsflóa. Við þetta breytist hegðunarmunstur árinna og hinna fallvatnanna tveggja á Héraðssandi og Eyjum og þ.a.l. einnig aðstæður til innsiglingar við Héraðsflóann, m.a. við Arnarbæli.

Af þessum rannsóknum má því ráða að aðstæður við Arnarbæli hafi verið allt aðrar við landnám en þær eru nú, og jafnframt að þær hafi tekið umtalsverðum breytingum á 13. öld. Leið sem nú er aðeins fær smábátum getur, fram á 12. öld, hafa

verið greið stærri skipum. Þess má geta að sjávarfalla gætir enn þann dag í dag allt inn að Klúku (Sævar Sigbjarnarson 2002, 69).

Arnarbæli – Ummerki um verslun?

Arnarbæli er óþekkt úr fornnum ritheimildum, þótt reyndar sé getið um siglingar í tengslum við Ós, landnámsjörð Una danska austast við Héraðsflóa. Það er hins vegar, eins og komið hefur fram, gömul trú manna og munnmæli að í Arnarbæli hafi verið verslunarstaður. Staðarins er fyrst getið í Ferðabók Ólavíusar, en hann ferðaðist um Austurland 1776. Í lýsingu hans segir m.a.: „Haldið er að Lagarfljót og Selfljót hafi fyrrum fallið til sjávar í sameiginlegum ósi, sem Arnarbæli hét, og að skip hafi lagzt þar að“ (Ólafur Olavius 1965, 171). Þessu til stuðnings mætti nefna fleiri sjávartengd örnefni á þessum slóðum, auk þess sem aðstæður á svæðinu hafa breyst umtalsvert eins og áður hefur komið fram. Engu að síður ber að taka orðum Olavíusar með nokkrum fyrirvara. Örnefni geta verið mikilvægar vísbendingar um liðna tíð og nýtingu lands en þau eru hins vegar ekki óhaganleg heldur lifa þau og hrærast í landslaginu. Það er því alþekkt að örnefni geta færst til, fæðst og horfið eða séu heimfærð á náttúruleg eða menningarleg fyrirbæri í landinu í því augnamiði meðal annars að finna sögunni stað eða svið í veruleikanum.

Freysteinn Sigurðsson (2000) jarðfræðingur hefur einnig velt fyrir sér örnefnum og uppruna þeirra og bent á það hve algengt sé að örnefnið Arnarbæli sé tengt verslun hér á landi. Hann hefur sett fram þá tilgátu að hér sé um að ræða gelísk áhrif. Það er að segja að örnefnið sé komið af orðasambandinu *Ard-na-bhaile*, en „ard“ táknað hæð, höfði eða hryggur, „bhaile“ merkir þorp, byggð eða húsaþyrping og „na“ er eignarfallstenging. Samkvæmt þessu mætti því þýða Arnarbæli sem „Búðahöfði“. En þá sveimar hugurinn óhjákvæmilega aftur til munnmæla um verslun.

Arnarbæli hafði verið skráð, eins og fram hefur komið, en að öðru leyti voru minjarnar ekki rannsakaðar áður. Reyndar kemur það fram í sveitarlýsingu Múlaþings að Björn Þorsteinsson frá Hnefilsdal, fæddur og uppalinn í Klúku, hafi kannað rústirnar og


fundið þar öskulag til vitnis um mannvist (*Sveitir og jarðir í Múlaþingi II*, 343). Frekari heimildir um þá rannsókn hafa þó ekki fundist.

RANNSÓKNIR HAUSTIÐ 2010

Sumarið 2010 fékkst styrkur úr Fornleifasjóði til þess að gera frumrannsókn á rústum í Arnarbæli og kanna ástand minjanna með tilliti til rofs af völdum vatnsaga. Ákveðið var að leggjá áherslu á uppmælingu rústasvæðisins og gera auk þess 2 prufuskurði í mannvirkni. Skurðunum var valinn staður með það í huga að leita svara um aldur minjanna, þ.e. að ná fram vísbendingum um það tímabil sem nýting mannvirkjanna spannar. Annars vega var gerður skurður í innra, og fornlegra, garðlagið af tveimur sem umlykja rústasvæðið. Hins vega var gerður skurður í rústahólinn miðjan, þar sem líklegt þótti að mætti finna ummerki um síðustu eða seinni tíma mannvist á staðnum. Báðir skurðir reyndust heppilega staðsettir og svöruðu þeim spurningum sem lagt var upp með.

Áður en uppgröftur hófst höfðu rannsakendur af því nokkrar áhyggjur að aðstæður til uppgraftar yrðu erfiðar þar sem grunnvatsstaða væri há og jarðvegur gegnsósa af vatni. Svo reyndist þó ekki vera, þrátt fyrir mikla vætutíð. Mögulega hefur hátt hlutfall sands í jarðveginum þar mikið að segja, en jarðvegssniðin báru þess óyggjandi merki að sandfok er engin nýlunda á Héraði.

Skurður 1 í garðlag (ARB10-1)



- 1: Rótaglag
- 2: Fín grásvört gjóska (1477)
- 3: Gulbrún mold
- 4: Hvít fínkorna gjóska (1362)
- 5: Dökkbrúnt siltlag
- 6: Fínt, dökkgrátt sandlag, siltblandað
- 7: Brúnt sandblendindi siltlag með linsum af svörtum sandi
- 8: Svart, gróft sandlag
- 9: Gulbrúnt, leirkennt siltlag
- 10: Náttúrulegt og þétt, gulbrúnt siltlag. Greina má tvöfalt lag af fínlegrri dökkleitri gjósku (LNS) sem liggur undir veggheðslu

Fyrri prufuskurðurinn var gerður í innra og fornlegra garðlagið af þeim tveimur sem girða rústirnar af á nesinu. Skurðurinn var 4 m á lengd og 1 m á breidd og snéri austur-vestur, þvert á garðlagið.

Grafið var niður á veggheðslu í miðjum skurði, en niður á óhreyfðan jarðveg beggja vegna hennar. Náttúruleg hækkun eða rofabarð var í vesturenda skurðar. Þá voru snið skurðsins teiknuð og gjóskulög greind, bæði í torfi sem og náttúruleg. Greinilega mátti sjá „landnámslagið“ (LNS) undir torfhleðslu garðsins. Greina mátti með vissu þrjú þeirra gjóskulaga sem mynda syrpuna, og mögulega eitt til viðbótar. Þunnt grænleitt gjóskulag lá næst undir torfinu og er að öllum líkindum frá seinni hluta 10. aldar eða 11. öld. Ekki er hægt að fara nær um aldur þess án frekari athugana en þessar upplýsingar gefa þó allskýra mynd af aldri garðlagsins.


Rétt yfir torfi eða torfhruni veggheleðslunnar mátti greina tvö gráhvít og þunn gjóskulög. Mögulegt er að hér sé annars vegar um að ræða Heklulag frá 1158 og hins vegar Vatnajökulsgjóska frá því um 1160 (sjá greinargerð um gjóskulagagreiningu í viðauka). Þótt þessi greining verði að teljast líkleg reyndist sýni sem tekið var ekki nægilega gott til þess að unnt væri að staðfesta greininguna með fullri vissu. Hins vegar var Öræfajökulsgjóska frá 1362 óyggjandi og greinileg í sniðinu um 4 cm ofan meintrar Vatnajökulsgjóska. Af þessu má því fullyrða að garðurinn er tilkominn alllöngu fyrir 1362 og sé rétt til getið að H-1158 sé einnig yfir honum, er garðurinn væntanlega frá 11.-12. öld.

Um eðli garðsins er það að segja að hann var torfhlaðinn, en ekkert grjót fannst í hleðslunni eða við hana. Þótt hleðslan væri sigin var hún hins vegar fremur stæðileg miðað við háan aldur, sem bendir til þess að garðurinn hafi á sínum tíma verið reisulegt mannvirki. Hvorki fundust gripir né bein við uppgröftinn.



Mynd 2: Veggur í skurði 1

Skurður 2 í rústahól (ARB10-2)



- 1: Rótalag
- 2: Brún mold með torfhrafli
- 3: Dökkgrá, fínleg gjóska (1477)
- 4: Appelsínu-brúnt, lífrænt siltlag
- 5: Ljósbrúnt siltlag með viðarkolum
- 6: Veggjatorf, með sandlinsum og dökkri gjósku (LNS)
- 7: Vindborið siltlag með flyksum af viðarkolum, móösku og torfi
- 8: Hvít, fínleg gjóska (1362)
- 9: Vindborið appelsínu-brúnt siltlag með stöku flyksum af viðarkolum
- 10: Vindborið siltlag
- 11: Vindborið siltlag með linsum af torfi og sandi
- 12: Lífrænt, appelsínubrúnt moldarlag
- 13: Grátt, leirkennt lag
- 14: Lífrænt yfirborðslag
- 15: Torfstafli með dökkleitri gjósku í torfi (LNS) og sandlinsum
- 16: Dökkbrúnt lífrænt lag með torfhrafli og sandlinsum

- 17: Blandað, leirkennt lag með flekkjum af appelsínugulu, gráu og gulu
 18: Gráleitt og appelsínugult torfhrafl

Síðari skurðinum var valinn staður á rústahólnum miðjum, þvert á nokkuð sem virtist vera vegghleðsla á milli tveggja hólfra eða rýma. Skurðurinn var 3 m á lengd og 1 m á breidd og snéri norður-suður.

Í miðjum skurði var komið niður á vegghleðslu, nokkurnveginn L-laga og því að öllum líkindum horn í mannvirki. Grafið var niður á vegghleðsluna, en torfhrun og rótumannvistarlög grafin í burtu beggja vegna hennar. Ekki var grafið niður á óhreyfðan jarðveg, en greinilegt er að mannvistarlög ná niður á a.m.k. 1,4 m dýpi frá yfirborði. Mögulegt gólfag fannst á um 75 cm dýpi frá yfirborði en næst ofan á því var nokkuð um smáar hellur og grjót. Yfir meintu gólfagli var hátt í 30 cm þykkt torflag og í því talsvert af svartri gjóska sem líklega tilheyrir landnámssyrapunni (LNS).



Mynd 3: Veggur í skurði 2

Rétt yfir torfi
 eða torfhruni
 vegghleðslunnar var
 greinilegt hvitt
 gjóskulag úr Öræfajökli
 1362, og um 30 cm
 ofan þess var þykkt,
 svart gjóskulag úr
 Veiðivatnagosi 1477. Á
 milli gjóskulaga Ö-1362
 og V-1477 var
 torfblendio lag,

mögulega torfhrun. Sambærilegt, en þó ógreinilegra lag var einnig ofan V-1477, upp undir grásrót, og er mögulegt að það bendi til síðari tíma umsvifa eða nýtingar á staðnum. Eins og áður segir var ekki grafið niður á óhreyfðan jarðveg í skurðinum og því erfitt að setja eldri tímamörk mannvirkja þar. Þó er nokkuð ljóst að elstu mannvistarlög í hólnum eru frá því talsvert fyrir 1362, mögulega frá 10.-11. öld. Einnig eru merki um

mannvist á milli 1362 og 1477, sem og einhver umsvif eftir 1477. Til þess að greina hámarksaldur mannvistarlaga í hólnum þyrfti hins vegar að grafa umtalsvert dýpra.

Við gjóskulagagreiningu reyndist nauðsynlegt að grafa dýpri snið fast sunnan vegghleðslunnar og nyrst í skurðinum. Niðurgreftina má sjá á sniðteikningu hér að framan.

Um eðli mannvirkisins sem í ljós kom við uppgröftinn má segja eitt og annað, þótt hafa beri í huga að prufuskurður veitir afar takmarkaða innsýn, og alls enga í það sem leynist utan marka hans. Í fyrsta lagi má nefna að mannvirkið virtist vera niðurgrafið að hluta. Um vegghleðsluna er það að segja að hún var eingöngu úr torfi. Hún virtist aðallega hlaðin úr streng, en bar yfirbragð þess að vera fremur óvönduð. Svo virtist sem hleðslan hefði verið endurhlaðin, eða bætt í a.m.k. tveimur áföngum. Ekkert grjót var í hleðslunni sjálfrí en eins og áður kom fram voru nokkrar flatar steinhellur í sniði ofan á meintu gólfagi. Tveir gripir fundust við uppgröftinn, og fáeinarr beinflísar. Í torfhruni ofan Ö-1362 fannst járnró, ferhyrnd, um 3x2,5cm að stærð með ferhyrndu gati eftir fjöldur eða nagla. Í meintu gólfagi, undir Ö-1362, fannst brýni úr flögubergi, um 8 cm á lengd og mikið notað.

LOKAORD

Sú niðurstaða að bæði garðlag og mannvirki á rústahól ættu uppruna að rekja aftur til 11. aldar, og jafnvel fyrr, kom nokkuð á óvart. Þótt þess hefði verið vænst að minjarnar væru fornar var það ekki fyrirséð að aldur þeirra væri svo hár, enda rústirnar mjög greinilegar á yfirborði. Séu þessar niðurstöður skoðaðar í samhengi við þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á vatnafari á svæðinu má sjá að umsvif í Arnarbæli virðast hafa verið mikil á þeim tíma sem aðstæður til innsiglingar um Selfljót eru talðar hafa verið aðrar en nú. Rannsóknin er hins vegar of takmörkuð til þess að unnt sé að segja nokkuð um það hvort umsvif á staðnum dragist saman eftir að breytingar verða á vatnafari.

Það hefur lengi verið áhugi fyrir því meðal heimamanna á Héraði að rannsaka Arnarbælisrústirnar frekar, og var þessi rannsókn aðeins fyrsta skrefið í þá átt. Frumrannsókn af þessu tagi er undirstaða frekari rannsókna en með henni hefur ljóstýru verið varpað á eðli og aldur mannvirkjanna. Frekari rannsóknir í Arnarbæli gætu boðið uppá fjölmarga skemmtilega rannsóknarmöguleika en umhverfi staðarins kallað eindregið á þverfaglega nálgun þar sem tvinna þyrfti saman sögu menningar og náttúrufars og gagnvirk árhrif þar á milli.

HEIMILDIR

Birna Gunnarsdóttir, Guðný Zoëga, Mjöll Snæsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir (1998) *Fornleifaskráning í Hjaltastaðabinghá II* (FS050-96032). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Björn J. Björnsson (2001) *Héraðssandur – Eyjar, jarðfræði* (Rannsóknarskýrsla LV-2001/032). Stuðull Verkfræði- og jarðfræðilþjónusta, Hafnarfirði.

Freysteinn Sigurðsson (2000) „Gelísk örnefni á Austurlandi“ í *Múlaping* 27, bls 64-67.

Guðrún Larsen, Bergrún A. Óladóttir, Sigmundur Einarsson og Snorri P. Snorrason (2007) „Tímasetningar á rofi Dimmugljúfra og sethjalla í dalnum sunnan Fremri-Kárahnjúks með gjóskutímatali“ í *Glettingur* 17:45-46, bls. 39-44.

Helgi Hallgrímsson (2005) *Lagarfljót: Mesta vatnsfall Íslands. Staðhættir, náttúra og saga.* Skrudda, Reykjavík.

Hjörleifur Guttormsson (2008) *Úthérað: ásamt Borgarfirði eystri, Víkum og Loðmundarfirði* (Árbók Ferðafélags Íslands 2008). Ferðafélag Íslands, Reykjavík.

Magnús Á. Sigurgeirsson (2010) *Fornleifarannsókn í Arnarbæli við Selfjót, Fljótsdalshéraði: Gjóskulagarannsókn*. Óútgefin skýrsla.

Ólafur Olavius (1965) *Ferðabók* (II. bindi). Steindór Steindórsson frá Hlöðum íslenskaði. Bókfellsútgáfan, Reykjavík.

Sveitir og jarðir í Múlapingi (II. bindi) (1975). Búnaðarsamband Austurlands gaf út. Prentsmiðjan Hólar, Seltjarnarnesi.

Sævar Sigbjarnarson (2002) „Selfjót í Útmannasveit: Umhverfi þess og saga“ í *Múlaping* 29, bls. 57-75.

VIÐAUKI: GJÓSKULAGAGREINING

Fornleifarannsókn í Arnarbæli við Selfljót, Fljótsdalshéraði Gjóskulagarannsókn

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Netföng: magnus.a.sigurgeirsson@isor.is / masig@mmedia.is

INNGANGUR

Þann 20. september 2010 var farin vettvangsferð að Arnarbæli á Fljótsdalshéraði. Rústirnar eru á vesturbakka Selfljóts skammt sunnan Héraðsflóa (og Héraðssands). Skoðuð voru snið í tveimur skurðum, í rústahól (bæjarhól) og í garðlag sem umlykur rústahólinn. Tilgangur ferðarinnar var að aldursgreina garðana með hjálp gjóskulaga. Afstaða gjóskulaga til fornminja var könnuð og sýni tekin til frekari skoðunar. Rannsóknir hafa sýnt að nokkuð er af gjóskulögum í jarðvegi á Austurlandi sem koma að notum við aldursákvarðanir fornminja. Þau gjóskulög sem mest hafa nýst í þeim tilgangi eru, Landnámslagið (LNL) frá því um 870, V-940, H-1104, H-1158, V-1159, K-1262, Ö-1362, V-1477 og A-1875. Í Á Austurlandi er svokölluð Landnámsrypa (LNS) yfirleitt skýr. Þar sem hún er vel varðveisitt má sjá allt að sex dökk gjóskulög í henni á 4-6 cm kafla. Lögin mynduðust á rúmlega 200 ára tímabili. Á Norðausturlandi er yngsta lagið í LNS yfirleitt V-940 en á Austurlandi eru þekkt fleiri lög frá 10. öld og nokkur frá 11. öld. Útbreiðsla og aldur þessara laga er ekki vel þekkt (Sigurður Þórarinsson 1968, Guðrún Larsen 1982; 1984; 1992, Árni Einarsson et al. 1988, Karl Grönvold et al. 1995, Magnús Á. Sigurgeirsson 2000; 2003; 2007, Magnús Á. Sigurgeirsson et al. 2002; 2008).

NIÐURSTÖÐUR


Snið í rústahól (bæjarhól)

Torf með sandlinsum og dökkri gjósku nær niður á a.m.k. 1,4 m dýpi (frá yfirborði). Ekki var grafið dýpra. Neðsti 0,5 m sniðsins var skoðaður í mjög þröngrí holu (sem ofanritaður gróf). Mögulegt gólfag er á um 75 cm dýpi frá yfirborði. Næst ofan á því er nokkuð um smáar hellur og grjót (mynd 1). Um 26 cm þykkt torflag er ofan á meintu gólfagli. Í því er talsvert af svörtu gjóskulagi sem líklega tilheyrir LNS. Um 6 cm yfir torfinu er gjóskulagið Ö-1362 *in situ* og 28 cm ofar er V-1477. Á milli Ö-1362 og V-1477 er torfblendingur (hrun?). Einnig er svipað torf ofan V-1477, upp undir grásrót. Engin gjóska sást *in situ* undir torfi en neðarlega í sniðinu sást dökk gjóska sem líklega er í torfi. Hún tilheyrir að öllum líkindum LNS. Nokkuð ljóst er að elstu mannvistarlagi í hólnum eru frá því talsvert fyrir 1362, mögulega frá 10.-11. öld. Einnig eru merki um mannvist á milli 1362 og 1477 og svo eftir 1477. Til að finna hámarksaldur mannvistarlagi í hólnum þarf að grafa dýpra snið.

Snið í garðlag (innri garður)

Snið í suðurhluta skurðar var skoðað sérstaklega (mynd 1). Þar mátti sjá lög LNS ganga undir torfhleðslu garðsins. Greina mátti með vissu þrjú gjóskulög í LNS og mögulega eitt til viðbótar. Þunnt grænleitt gjóskulag liggur næst undir torfinu. Það lag er að öllum líkindum frá seinni hluta 10. aldar eða 11. öld. Ekki er hægt að fara nærr um aldur þess án frekari athugana en nokkur lög koma til greina.

Rétt yfir torfi/torfhruni er örþunnt gráhvítt lag og um 1,5 cm þykkt sendið lag ofan á því. Mögulegt er að hér sé um H-1158 gjóskuna að ræða og að sendna lagið sé Vatnajökulsgjóska frá því um 1160 (kornin eru nokkuð núin). Hins vegar náðist ekki nógu gott sýni úr ljósa laginu til að staðfesta þetta. Um 4 cm ofan meinstrar Vatnajökulsgjóska er Ö-1362 lagið *in situ*. Ljóst er að garðurinn er frá því alllöngu fyrir 1362 og sé rétt til getið að H-1158 sé einnig yfir honum, er garðurinn væntanlega frá 11.-12. öld.



Mynd 1. Snið mæld í Arnarbæli þann 20. september 2010.

HEIMILDIR

Guðrún Larsen 1982: Gjóskulagatímatal Jökuldals og nágrennis. Í: Eldur er í norðri. Reykjavík, s. 51-65.

Guðrún Larsen 1984: Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, Southern Iceland – an approach to volcanic risk assessment. *J Volcanol. Geotherm. Res.* 22: 33-58.

Guðrún Larsen 1992: Gjóskulagið úr Heklugosinu 1158. Yfirlit og ágrip, Veggspjaldaráðstefna, Jarðfræðafélag Íslands, s. 25-27.

Karl Grönvold, Niels Óskarsson, Sigfús S. Johnsen, Clausen, H. B., Hammer, C. U., Bond, G., Bard, E. 1995: Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. *Earth and Planetary Science Letters* 135: 149-155.

Magnús Á. Sigurgeirsson 2000. Gjóskulög á Austurlandi. Samantekt unnin fyrir Veðurstofu Íslands. Greinargerð 00/04, 7 bls.

(<http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/greinargerdir/1995/Gjoskulos.pdf>)

Magnús Á. Sigurgeirsson 2003. Fornleifarannsókn í Sómastaðagerði við Reyðarfjörð. Gjóskulagagreining. Greinargerð 02/2003.

Magnús Á. Sigurgeirsson 2007. Viðauki í: Fornleifauppgröftur á Pálstóftum vð Kárahnjúka 2005 (höf. Gavin Lucas). Fornleifastofnun islands, FS346-00066.

Magnús Á Sigurgeirsson, Orri Vésteinsson og Haflidið Haflidason 2002: Gjóskulaga-rannsóknir við Mývatn – aldursgreining elstu byggðar. Vorráðstefna 2002. Ágrip erinda og veggspjalda, Jarðfræðafélag Íslands, s. 36-37.

Magnús Á. Sigurgeirsson, Ulf Hauptfleisch, Árni Einarsson 2008: Gjóskulög frá 700-1250 e.Kr. í botnseti Mývatns. Í: Archaeological investigations at Sveigakot 2006 (ritstj.: Guðrún Alda Gísladóttir og Orri Vésteinsson). Fornleifastofnun Íslands,